

Ályktun um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

2. landsfundur Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra haldinn í Reykjavík þann 1. október 2016 krefst þess að Alþingi Íslands fullgildi samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks nú þegar. Samningurinn var undirritaður af fulltrúum íslenska ríkisins þann 30. mars 2007 en hefur ekki enn verið fullgildur. Yfir 160 ríki heims eiga nú aðild að þessum mikilvæga samningi og lýsir landsfundur Sjálfsbjargar Isf. yfir furðu sinni á því að Ísland skuli ekki vera þar á meðal.